

REGLUGERÐ**um breytingu (4.) á reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 16/1986.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting skal gerð á lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóðasamningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/útl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um áv. og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Flunitrazepamum	P IV			5)9(30 mg))
Triazolamum	P IV			5)9(7,5 mg))

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING**um friðlýsingu Dverghamra á Síðu.**

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dverghamra á Síðu, Hörgslands-hreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk svæðisins fylgja núverandi girðingu umhverfis Dverghamra, sbr. meðfylgjandi upprátt.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og er það vinsamlegast beðið að ganga vel um og fylgja merktri gönguleið.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 18. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson.